




Brekkuhvarf 24

Fyrirspurn um breytta notkun hesthúss

One:24042815

Dags. 08.05.2024

Minnisblað – Umfjöllun um fyrirspurn



Óskað eftir að breyta 59,5 m² frístandandi hesthúsi í frístunda-/vinnurými. Lóðin er 1509 m² að stærð.

Deiliskipulag samþykkt 29.10.1992 “Vatnsendi, tillaga að þéttingu byggðar”

Á hverri lóð má byggja eitt einbýli ásamt bílgeymslu. Á lóðum sem eru 1600m² og stærri má að auki byggja hesthús ásamt hlöðu og gerði ef sýnt er fram á að þessi mannvirki falli vel að umhverfinu.



Samantekt

Lóð nr. 24 við Brekkuhvarf er staðsett í miðju íbúðarhverfis við opið svæði með reiðleiðir framhjá. 3 fordæmi finnast þar sem leyft var að byggja íbúðarrými í stað hesthúss án þess þó að fjölga fasteignarnúmerum.

Niðurlag

Skipulagsdeild lítur jákvætt á framlagða fyrirspurn. Sækja þarf um óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Gangi breytingin eftir, er sótt um byggingarleyfi til að breyta hesthúsi í dvalarrými/vinnustofu en þá þarf það að uppfylla skilyrði byggingarreglugerðar um „almennar kröfur til íbúða“ og vera í samræmi við „Leiðbeiningar um breytingar á húsnaði eða lóð“ úr Verkfærakistu fyrir þróun byggðar í Kópavogi. Ekki er heimilt að fjölga fasteignanúmerum á lóðinni.